

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 39

við Stjórnartíðindi EB

4. árgangur

18.9.1997

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

97/EES/39/01	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA frá 4. júní 1997 um að leggja ekki á eða lækka sektir í málum er varða einokunarhringi	1
97/EES/39/02	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókuar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum	4
	3. EFTA-dómstóllinn	
97/EES/39/03	Breytingar á Starfsreglum EFTA-dómstólsins - samþykktar af dómstólum 22. ágúst 1996 og staðfestar af ríkisstjórnnum EFTA-ríkjanna	5
97/EES/39/04	Breytingar á Erindisbréfi fyrir dómritara - samþykktar af EFTA-dómstólum 22. ágúst 1996	9
97/EES/39/05	Fyrirmæli dómstólsins frá 27. júní 1997 í máli E-7/96: Paul Inge Hansen gegn Eftirlitsstofnun EFTA	10
97/EES/39/06	Ráðgefandi álit dómstólsins frá 14. maí 1997 í máli E-5/96 (beiðni um ráðgefandi álit frá Borgarting Lagmannsrett): Ullensaker kommune o.fl. gegn Nille AS	10
97/EES/39/07	Ráðgefandi álit dómstólsins frá 27. júní 1997 í máli E-6/96 (beiðni um ráðgefandi álit frá Oslo byrett): Tore Wilhelmsen AS gegn Oslo kommune	11
97/EES/39/08	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins lagt fram af Oslo byrett samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 22. apríl 1997 í máli Fridtjof Frank Gundersen gegn Oslo kommune (Mál nr. E-1/97)	12

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/39/09	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.986 - Agfa-Gevaert/DuPont)	13
97/EES/39/10	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.990 - Hagemeyer/ABB Asea Skandia)	14
97/EES/39/11	Ríkisaðstoð - Þýskaland	14
97/EES/39/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 27/97 - Ítalía	15
97/EES/39/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 61/96 - Ítalía	15
97/EES/39/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	15
97/EES/39/15	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt	17
97/EES/39/16	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum	19
97/EES/39/17	Ákvörðun nr. 164 frá 27. nóvember 1996 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)	20
97/EES/39/18	Auglýsing franskra stjórnvalda er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	20
97/EES/39/19	Fjarskipti: skrá yfir staðla í tengslum við frjálsan aðgang að netum (ONP) (fimmta útgáfa)	20
97/EES/39/20	Framtíðaráætlun fyrir stáliðnaðinn fyrir seinni hluta árs 1997 og allt árið 1997	20
97/EES/39/21	Ályktun ráðgjafarnefndar KSE um framtíð rannsóknarsamvinnu í kola- og stáliðnaðinum ...	21
97/EES/39/22	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 38. fundi hennar sem haldinn var 2. júlí 1996 um fyrstu drög að ákvörðun í máli IV/M.737 - Ciba-Geigy/Sandoz	21
97/EES/39/23	Önnur auglýsing eftir umsóknum vegna framkvæmdar á tilraunaáætluninni „Þriðja atvinnumálakerfið”	21
97/EES/39/24	Fjarskipti: frjáls aðgangur að netum (ONP) fyrir leigulínur og símafjarskipti - sáttameðferð, uppfærsla	21
97/EES/39/25	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 7. 7. til 18. 7. 1997	22
97/EES/39/26	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	24
	3. Dómstóllinn	
97/EES/39/27	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	26
97/EES/39/28	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	30

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILKYNNING FRÁ EFTIRLITSSTOFNUN EFTA FRÁ 4. JÚNÍ 1997 UM AÐ LEGGJA EKKI Á EÐA LÆKKA SEKTIR Í MÁLUM ER VARÐA EINOKUNARHRINGI

97/EES/39/01

A. Þessi tilkynning er birt samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningsins milli EFTA-ríkjanna⁽¹⁾ um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningur um eftirlitsstofnun og dómstól).

B. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út tilkynningu um að leggja ekki á eða lækka sektir í málum er varða einokunarhringi (Stjtíð. EB nr. C 207, 18. 7. 1996, bls. 4). Í þessari gerð sem er ekki bindandi er að finna meginreglur og ákvæði sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins beitir við framkvæmd stefnu sinnar í sektum á sviði samkeppni.

C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES sé beitt eins alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu tekur Eftirlitsstofnun EFTA upp þessa tilkynningu samkvæmt umboði sem henni er veitt í b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Ætlun hennar er að fylgja þeim meginreglum og ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilkynningu við beitingu viðeigandi EES-samkeppnisreglna⁽²⁾ í tilteknu máli.

A. Inngangur

1. Leynilegir einokunarhringir fyrirtækja sem miða að verðsamráði, samráði um framleiðslu- eða sölukvóta og skiptingu markaða, eða banna inn-eða útflutning eru með alvarlegustu samkeppnishindrunum sem Eftirlitsstofnun EFTA þarf að takast á við.

2. Slíkar aðgerðir leiða að lokum til hærra vöruverðs og takmarkaðra vöruúrvals fyrir neytandann. Fyrir utan að stríða gegn hagsmunum neytenda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) skaða þessar aðgerðir ennfremur iðnað á þessu svæði. Með því að takmarka á óeðlilegan hátt annars eðlilega samkeppni milli fyrirtækja á EES komast þau hjá því að mæta þrýstingi sem hvetur þau til nýsköpunar, hvort sem um er að ræða vöruþróun eða skilvirkari framleiðslu. Slíkar aðgerðir leiða einnig til þess að hráefni og íhlutar verða dýrari fyrir fyrirtæki sem kaupa af þessum framleiðendum. Til lengri tíma litíð leiða þær til skertrar samkeppnishæfni og, sé miðað við stækkandi heimsmarkað, til færri atvinnutækifæra.

3. Vegna alls þessa telur Eftirlitsstofnun EFTA að barátta gegn einokunarhringjum skipti verulegu máli við að koma á einsleitu evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum og jöfnum samkeppnisskilyrðum.

4. Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst að tiltekin fyrirtæki sem taka þátt í einokunarhringjum kynnu að óska eftir að hætta því og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um tilvist einokunarhringjanna, en hliðra sér hjá því vegna hárra sekta sem þau eiga yfir höfði sér.

(1) Í þessari tilkynningu ber að skilja hvers konar tilvísun til EFTA-ríkja sem tilvísun til EFTA-ríkja sem nú eiga aðild að EES-samningnum (Ísland, Liechtenstein og Noregur).

(2) Helstu samkeppnireglur EES um fyrirtæki er að finna í 53., 54., 57. og 59. gr. EES-samningsins og XIV. viðauka við EES-samninginn.

5. Til þess að taka tillit til þessarar staðreyndar hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að taka upp þessa tilkynningu þar sem kveðið er á um hvernig fyrirtæki, sem eiga samstarf við Eftirlitsstofnun EFTA á meðan rannsókn stendur yfir á einokunarhringjum, geta fengið eftirgjöf á sektum eða lækkun á sekt sem annars yrði lögð á þau. Eftirlitsstofnun EFTA mun athuga hvort nauðsynlegt sé að breyta þessari tilkynningu eftir að reynsla hefur fengist af beitingu hennar.

6. Eftirlitsstofnun EFTA telur að það stuðli að skilvirkni Evrópska efnahagssvæðisins ef fyrirtæki sem eiga í samstarfi við hana, við þær aðstæður sem um getur hér að neðan, fá hagstæða meðferð. Hagsmunir neytenda og borgara af að upplýsa og banna slíkar aðgerðir vega upp á móti þeim ávinningi að sekta þau fyrirtæki sem starfa með Eftirlitsstofnun EFTA og gera henni þannig kleift eða aðstoða hana við að koma upp um og banna einokunarhringi.

7. Samstarf við fyrirtæki er aðeins einn af mörgum þáttum sem Eftirlitsstofnun EFTA tekur mið af þegar hún ákveður upphæð sektar. Þessi tilkynning hefur ekki áhrif á rétt Eftirlitsstofnunar EFTA til að lækka sekt af öðrum ástæðum.

B. Engin sekt eða veruleg lækkun

8. Fyrirtæki sem:

- a) tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA um leynilegan einokunarhring áður en Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið rannsókn, fyrirskipaða með ákvörðun, á hlutaðeigandi fyrirtækjum, að því tilskildu að hún hafi ekki þegar undir höndum fullnægjandi upplýsingar til að færa sönnur á tilvist meints einokunarhrings,
- b) er fyrst til að færa sönnur á tilvist einokunarhringsins,
- c) hættir þátttöku í ólögmati starfsemi eigi síðar en þegar það kemur upp um einokunarhringinn,
- d) lætur Eftirlitsstofnun EFTA í té allar upplýsingar, gögn og tiltækar sannanir um einokunarhringinn og heldur áfram samstarfi meðan á rannsókninni stendur,
- e) hefur ekki hvatt önnur fyrirtæki til að taka þátt í einokunarhringnum og hefur ekki verið upphafsmaður eða gegnt meginhlutverki í hinu ólögmeta athæfi,

mun fá að minnsta kosti 75% lækkun á sektinni eða jafnvel fulla eftirgjöf á sekt sem lögð hefði verið á það hefði það ekki átt í þessu samstarfi.

C. Veruleg lækkun á sekt

9. Fyrirtæki sem bæði uppfylla skilyrði b- til e-liðar í B-þætti og koma upp um leynilegan einokunarhring eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið rannsókn, fyrirskipaða samkvæmt ákvörðun, á athafnasvæðum aðila einokunarhrings, sem hefur ekki leitt í ljós nægar sannanir til að hefja málsmeðferð mun fá 50 til 75% lækkun.

D. Umtalsverð lækkun á sekt

10. Ef fyrirtæki tekur þátt í samstarfi án þess að uppfylla öll skilyrðin sem kveðið er á um í B- eða C-þætti mun það fá 10 til 50% lækkun á sektinni sem það hefði fengið ef það hefði ekki tekið þátt í samstarfi.

11. Slíkt kann að fela í sér eftirfarandi:

- áður en formleg mótmæli eru send latur fyrirtæki Eftirlitsstofnun EFTA í té upplýsingar, gögn eða annan vitnisburð sem stuðlar að því að færa sönnur á að um brot sé að ræða,
- eftir að hafa móttækið formleg mótmæli latur fyrirtæki Eftirlitsstofnun EFTA vita að það dragi í meginatriðum ekki í efa staðreyndir sem Eftirlitsstofnun EFTA byggir á sakanið sínar á.

E. Málsmeðferð

12. Ef fyrirtæki óskar eftir að fá hagstæða meðferð, eins og kveðið er á um í þessari tilkynningu, skal það hafa samband við þá deild Eftirlitsstofnunar EFTA sem fylgist með samkeppni og ríkisaðstoð. Eingöngu aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins í þessu skyni er heimilt að hafa samband við Eftirlitsstofnun EFTA. Þessi tilkynning tekur því ekki til beiðna frá einstökum starfsmönnum fyrirtækis.

13. Eftirlitsstofnun EFTA ákveður með formlegum hætti hvort skilyrðin sem sett eru í B-, C- og D-þáttum eru uppfyllt og þá hvort eigi að lækka sektina, eða gefa hana eftir að öllu leyti. Ekki væri við hæfi að samþykkja slíka lækkingu eða eftirgjöf fyrr en að lokinni málsmeðferð, þar sem þessi skilyrði gilda á meðan málsmeðferð stendur.

14. Sé öllum skilyrðum fullnægt verður þó engin sekt lögð á, eða hún lækkuð. Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst að þessi tilkynning muni veita lögmætan rétt sem fyrirtæki geta reitt sig á þegar þau upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um tilvist einokunarhrings. Verði vanefnd á að uppfylla skilyrðin í B- eða C-þætti, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, mun það aftur á móti leiða til þess að hætt verður við þá hagstæðu meðferð sem þar er kveðið á um. Við slíkar aðstæður getur fyrirtækið þó enn fengið lækkingu á sekt eins og kveðið er á um D-þætti hér að framan.

15. Sú staðreynd að sektir séu mildaðar getur þó ekki veitt fyrirtækjum einkaréttarlega vernd vegna aðildar að ólögmætum samningi. Í þessu tilliti, ef upplýsingar sem fyrirtækið latur í té leiða til þess að Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, verður fyrirtækið sem nýtur lækkingu á sekt einnig tilgreint í þeirri ákvörðun og þess getið að það hafi brotið gegn EES-samningnum og hlutverki þess lýst nákvæmlega. Sú staðreynd að fyrirtækið starfaði með Eftirlitsstofnun EFTA verður einnig nefnd í ákvörðuninni til að útskýra hvers vegna sekt var ekki lögð á eða hún lækkuð.

16. Ef fyrirtæki sem hefur hagnast á lækkaðri sekt vegna þess að það mótmælti ekki staðreyndum í meginatriðum ber fram mótmæli í ógildingarmáli fyrir EFTA-dómstólnum, mun Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna biðja dómstólinn að hækka sektina sem lögð var á það.

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 97/EES/39/02 og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	9. 7. 1997
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	97-004
Titill:	Svæðasamvinna IIA og áætlun um tilraunaverkefni
Markmið:	Samvinna milli svæða og yfir landamæri sem miðar að því að bæta skilyrði fyrir uppbyggingu í iðnaði, auknum hagvexti og atvinnu
Lagastoð:	<ul style="list-style-type: none">- Ákvörðun norsku ríkisstjórnarinnar frá 11. maí 1996- Ríkisfjárlög fyrir 1995-96 og 1996-97, 57. liður 551. kafla- Stjtið. EB nr. C 18060 Auglýsing til aðildarríkjanna 94/C 180/13- Reglugerð EBE nr. 2083/93 um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Stjtið. EB nr. L 193, 31. 7. 93
Svæðisumfang:	Sex svæði á landamærum Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Rússlands
Styrkleiki aðstoðar:	Í samræmi við gildandi áætlanir um ríkisaðstoð í þágu rannsókna og þróunar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og svæðauppbyggingar
Fjárveiting:	1996: 62,5 milljónir NOK
Gildistími:	1996-99

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Breytingar á Starfsreglum EFTA-dómstólsins

97/EES/39/03

- samþykktar af dómstólnum 22. ágúst 1996 og staðfestar af ríkisstjórnnum EFTA-ríkjanna

EFTA-dómstóllinn

með hliðsjón af samkomulaginu um breytingar á tilteknum samningum milli EFTA-ríkjanna, undirrituðu í Brussel 29. desember 1994, einkum 20. gr. þess samkomulags,

með hliðsjón af ákvörðun fulltrúanefndar samningsaðila frá 10. ágúst 1996, um að breyta bókun 5 með samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um Stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins,

hefur tekið eftirfarandi ákvörðun:

1. KAFLI

BREYTINGAR

1. gr.

Við 5. gr. bætist eftirfarandi töluliður sem 4. tl.:

„4. Dómurum sem valdir eru af lista þeim er greinir í 4. mgr. 30. gr. samningsins skal skipað á eftir reglulegum dómurum. Ef fleiri en einn slíkra dómara taka þátt í meðferð máls skal röðun þeirra ráðast af aldri.”

2. gr.

1. tl. 6. gr. orðist svo:

„1. Dómarar kjósa forseta úr sínum hópi til þriggja ára í senn í samræmi við ákvæði 30. gr. samningsins.”

3. gr.

1. 1. tl. 10. gr. orðist svo:

„1. Dómstóllinn ræður dómritara.”

2. 4. tl. 10. gr. orðist svo:

„4. Dómritari er ráðinn til þriggja ára í senn. Hann má endurráða.”

3. 7. tl. 10. gr. orðist svo:

„7. Ef starf dómritara losnar áður en ráðningartíma lýkur, ræður dómstóllinn nýjan dómritara til þriggja ára.”

4. gr.

11. gr. orðist svo:

„Dómstóllinn getur, samkvæmt þeim reglum sem settar eru um dómritara, ráðið einn eða fleiri aðstoðardómritara.”

5. gr.

12. gr. orðist svo:

„Þegar dómritari er fjarverandi, forfallaður eða starf hans er laust, skal forseti fela embættismanni eða öðrum starfsmanni dómstólsins að gegna störfum dómritara tímabundið.”

6. gr.

1. mgr. 5. tl. 14. gr. orðist svo:

„5. Hverjum manni sem hagsmuni hefur er heimilt að skoða málaskrána á skrifstofu dómstólsins og fá afhent afrit eða útdrætti gegn greiðslu gjalds, sem dómstóllinn hefur ákveðið.”

7. gr.

2. tl. 15. gr. orðist svo:

„2. Dómritari skal, þegar hann er til þess kvaddur, aðstoða dómstóllinn, forseta og einstaka dómara í opinberum störfum þeirra.”

8. gr.

17. gr. orðist svo:

„Dómstóllinn getur kvatt dómritara til að vera viðstaddan þegar dómstóllinn kemur saman, samanber þó 4. og 23. gr.”

9. gr.

19. gr. orðist svo:

„Dómstóllinn kveður á um skipulag sitt og getur breytt því.”

10. gr.

20. gr. orðist svo:

„Eftir því sem dómstóllinn kveður nánar á um er dómritari, í umboði dómsforseta, ábyrgur fyrir stjórnslu dómstólsins, fjárreiðum hans og reikningum.”

11. gr.

22. gr. orðist svo:

1. Niðurstöður dómstólsins eru því aðeins bindandi að allir dómáram hafi tekið þátt í umfjöllun um niðurstöðu máls. Ákvarðanir er varða stjórnslu dómstólsins verða þó teknar ef tveir dómáram eru viðstaddir og ræður þá atkvæði forseta.
2. Allir þrír dómáram skulu viðstaddir á dómþingi. Ef sá fjöldi næst ekki þegar dómstóllinn kemur saman ber forseta að fresta þinghaldinu þar til tilskilinn fjöldi næst.”

12. gr.

2. mgr. 1. tl. 24. gr. orðist svo:

„Á meðan réttarhlé stendur skal störfum forseta gegnt á þeim stað þar sem dómstóllinn hefur aðsetur, annað hvort af forsetanum sjálfum eða af þeim dómáram, sem forseti hefur falið að taka sæti sitt.”

13. gr.

4. tl. 25. gr. orðist svo:

„4. Sé þess talin þörf getur dómstóllinn heimilað aðila, að beiðni hans, að ávarpa dómstólinn við munnlegan málflytning á opinberu tungumáli í EFTA-ríki eða ríki í Evrópubandalaginu. Hið sama er um ávörp, sem beint er að þessum aðila. Beiðni getur einnig komið frá meðalgönguáðila, þó ekki EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA, bandalaginu eða framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Dómstóllinn sér til þess, að túlkað verði á og úr ensku. Beiðni sem hér um ræðir skal koma fram að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.”

14. gr.

26. gr. orðist svo:

„Ef vitni eða sérfræðingur lýsir því yfir, að hann sé ófær um að tjá sig á fullnægjandi hátt á ensku, getur dómstóllinn heimilað

honum að gefa skýrslu sína á öðru tungumáli. Dómstóllinn sér til þess að túlkað verði á og úr ensku. Beiðni sem hér um ræðir skal að jafnaði koma fram að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.”

15. gr.

27. gr. orðist svo:

1. Dómstól, eða annarri stofnun með dómsvald, sem lagt hefur fram beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt 34. gr. samningsins, er heimilt að setja fram beiðni sína á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir viðkomandi dómstól eða stofnun. EFTA-dómstóllinn sér til þess að beiðnin verði þýdd á ensku.
2. Dómstóll, eða önnur stofnun með dómsvald, og aðilar að máli, sem rekið er fyrir henni, geta lagt fyrir EFTA-dómstólinn skjöl á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeirri stofnun, sem í hlut á. Slík skjöl skulu þýdd á ensku að því marki, sem EFTA-dómstóllinn telur nauðsynlegt. EFTA-dómstóllinn sér til þess, að þýðing verði gerð.
3. EFTA-dómstóllinn sér um að skýrsla framsögumanns verði þýdd þannig að hún verði til reiðu á ensku og á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstóli eða stofnun, sem beðið hefur um álit.
4. Aðilum máls fyrir dómstóli þeim, eða annarri stofnun með dómsvald, sem óskar álits, er heimilt að ávarpa EFTA-dómstólinn á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstól eða stofnun, sem í hlut á. Hið sama er um ávörp, sem beint er að þessum aðilum. EFTA-dómstóllinn sér til þess að túlkað verði á og úr ensku. Aðili sem óskar eftir því að nota slíkt tungumál skal tilkynna það dómritara að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.
5. Álit EFTA-dómstólsins skal vera á því tungumáli, sem beiðnin var á og á ensku. Álitid er jafngilt frumgagn á báðum tungumálunum.”

16. gr.

1. tl. 28. gr. orðist svo:

„1. Umboðsmenn, ráðgjafar og lögfræðingar, sem koma fyrir dóminn eða fyrir önnur dómsyfirvöld, sem dómstóllinn hefur sent réttarbeiðni, skulu njóta friðhelgi vegna orða sinna, ritaðra eða talaðra, sem varða málið eða aðila þess.”

17. gr.

a-liður 29. gr. orðist svo:

„(a) Umboðsmenn skulu leggja fram opinbert skjal, sem gefið er út af þeim aðila sem þeir eru umboðsmenn fyrir. Þeir skulu án tafar senda afrit af skjalinu til dómritara.”

18. gr.

1. b-liður 1. tl. 33. gr. orðist svo:

„(b) Deili á málsaðila eða málsaðilum, sem stefnan beinist að.”

2. 3. tl. 33. gr. orðist svo:

„3. Lögfræðingur, sem rekur mál fyrir aðila, skal leggja fram skilríki á skrifstofu dómritara um að hann hafi heimild til að reka mál fyrir dómstól í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.”

19. gr.

1. 1. tl. 48. gr. orðist svo:

„1. Dómritari, eða dómari sem til þess er kvaddur af forseta, skráir í gerðabók það sem fram fer á dómþingi.”

2. 3. tl. 48. gr. orðist svo:

„3. Bókunin skal undirrituð af forseta og dómritara, eða forseta og þeim dómara sem kvaddur var til þess að færa gerðabók. Bókunin gildir sem opinbert gagn um það sem fram fer.”

20. gr.

7. tl. 52. gr. orðist svo:

„7. Dómritari, eða dómari sem til þess er kvaddur af forseta, skal færa til bókar frásögn af öllum vitnayfirheyrslum. Í bókun skal, auk þess sem talið er í 2. tl. 48. gr., koma fram fullt nafn, staða og fast heimili hvers vitnis. Í frásögninni skulu vera allar vitnaskýrslur.

Bókanir skal undirrita af forseta dómstólsins eða framsögumanni, sem hefur skýrslutökuna á hendi, af vitninu sem og af dómritara eða þeim dómara sem kvaddur var til þess að rita bókunina. Áður en bókanir eru undirritaðar með þessum hætti skal gefa vitnum kost á að sannreyna efni þeirra og undirrita þær.

Bókun hefur fullt sönnunargildi.”

21. gr.

1. 1. tl. 59. gr. orðist svo:

„1. Dómritari, eða dómari sem til þess er kvaddur af forseta, skal skrá það sem fram fer á hverju dómþingi í gerðabók.”

2. 3. tl. 59. gr. orðist svo:

„3. Bókunin skal undirrituð af forseta og dómritara, eða forseta og þeim dómara sem kvaddur var til þess að rita bókunina, og hefur hún fullt sönnunargildi.”

22. gr.

1. tl. 75. gr. orðist svo:

„1. Þegar birta á skjal fyrir EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA, bandalaginu, eða framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins telst birting hafa farið fram á þeim degi á aðsetursstað dómstólsins, þegar fastanefnd viðkomandi ríkis, eða fastanefnd framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins eða ráðs Evrópusambandsins, eða Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið tilkynnt með bréfi eða um myndsendi, að skjalið sé til reiðu hjá dómstólum.”

23. gr.

79. gr orðist svo:

„1. Forseti getur ákveðið að fresta málsmeðferð eftir að hafa kynnt sér sjónarmið framsögumanns og aðila. Ekki þarf að kalla eftir sjónarmiðum aðila, ef leitað er ráðgefandi álits, sbr. 96. gr.

Málsmeðferð má hefja að nýju með ákvörðun forseta, sem tekin er með sama hætti.

Ákvarðanir eftir þessari grein skal birta aðilum.

2. Frestun málsmeðferðar skal taka gildi á þeim degi, sem fram kemur í ákvörðun um frestun, en annars frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Ef málsmeðferð er frestað lengjast frestir sem aðilar hafa sem því nemur.

3. Þar sem ákvörðun um frestun máls mælir ekki fyrir um lengd frests, skal honum ljúka á þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðun um, að málsmeðferð hefjist á ný, en annars á þeim degi sem ákvörðunin er tekin, ef slíka tilgreiningu skortir.

Tímafrestir byrja að líða að nýju frá þeim degi sem frestun á málsmeðferð lýkur.”

24. gr.

f-liður 2. mgr. 1. tl. 89. gr. orðist svo:

„(f) skýringar á því hvaða aðstæður eru taldar heimila meðalgöngu, þegar krafa um meðalgöngu byggist á 2. mgr. 36. gr. stofnsamþykktarinnar.”

25. gr.

2. tl. 98. gr. orðist svo:

„Starfsreglurnar skulu opinberlega þýddar af dómstólum á þýsku, íslensku og norsku.”

26. gr.

Viðaukar 1, 2 og 3 orðist svo:

„VIÐAUKI 1

Yfirvöld sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr.

ÍSLAND

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

LIECHTENSTEIN

Dómsmálaráðuneytið

NOREGUR

Híð konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

VIÐAUKI 2

Yfirvöld sem vísað er til 1. mgr. 3. tl. 58. gr.

ÍSLAND

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

LIECHTENSTEIN

Dómsmálaráðuneytið

NOREGUR

Híð konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

VIÐAUKI 3

Yfirvöld sem vísað er til í 5. tl. 72. gr.

ÍSLAND

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

LIECHTENSTEIN

Dómsmálaráðuneytið

NOREGUR

Híð konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

2. KAFLI**LOKAÁKVÆÐI****27. gr.**

1. Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1996.
2. Enskur texti ákvörðunarinnar er frumgagn. Ákvörðunin skal birt í EES-hluta og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.
3. Ákvörðunin skal opinberlega þýdd af dómstólnum á þýsku, íslensku og norsku.

Breytingar á Erindisbréfi fyrir dómritara**97/EES/39/04****- samþykktar af EFTA-dómstólum 22. ágúst 1996****EFTA-dómstóllinn**

með hliðsjón af ákvörðun dómstólsins frá 22. ágúst 1996 um að breyta Starfsreglum EFTA-dómstólsins,

HEFUR TEKID EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:**1. gr.**

1. tl. 1. gr. orðist svo:

„1. Opinber opnunartími á skrifstofu dómstólsins er frá kl. 9.00 til 12.00 og frá 14.00 til 16.00, mánudaga til föstudaga, nema á opinberum frídögum samkvæmt nánari ákvörðun dómstólsins.”

2. gr.

2. gr. orðist svo:

„Dómritari skal vera ábyrgur fyrir varðveislu skjala, sem varða þau mál sem rekin eru fyrir dómstólum og að halda þeim ávallt í réttu horfi. Dómritari skal hafa umsjón með þýðingu skjala eftir því sem mælt er fyrir um í starfsreglum dómstólsins.”

3. gr.

1. 1. tl. 3. gr. orðist svo:

„1. Dómritari skal, í samræmi við ákvæði starfsreglnanna, vera ábyrgur fyrir því að færa ákvarðanir til bókar. Hann skal leggja bókun til undirritunar fyrir þá dómara sem að henni stóðu.”

2. 2. tl. 3. gr. orðist svo:

„2. Þar sem samningurinn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, starfsreglur dómstólsins eða önnur ákvæði sem fela dómstólum vald, gera ráð fyrir að skjal sé birt, eða tilkynningum og boðum komið á framfæri, skal dómritari sjá til þess að farið sé að starfsreglunum í því efni. Ef annað leiðir ekki af ákvæði 1. tl. 75. gr., eða ákvörðun dómstólsins, skulu öll skjöl, tilkynningar eða boð, send í ábyrgðarpósti, og með fylgja tilkynning undirrituð af dómritara, þar sem fram kemur númer máls og skráningarnúmer skjalsins, ásamt stuttri lýsingu á innihaldi þess. Afrit af tilkynningunni skal fylgja frumriti skjalsins.”

4. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

„Ef viðkomandi maður fer ekki að tilmælum dómritara vísar hann málinu til forseta.”

5. gr.

Í 2. tl. 7. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við sem 4. mgr.:

„Ákvæði þessarar greinar eiga við, að breyttu breytanda, í tilvikum þar sem forseti, samkvæmt ákvæðum starfsreglna dómstólsins, kveður tiltekinn dómara til þess að færa gerðabók.”

6. gr.

23. gr. orðist svo:

„Gefa skal út Reports of Cases before the EFTA Court sem skal, nema annað sé ákveðið, innihalda dóma dómstólsins og ráðgefandi álit, ásamt fyrirsmælum um bráðabirgðaráðstafanir, sem teknar eru ákvarðanir um á almanaksárinu.”

7. gr.

25. gr. orðist svo:

„Enskur texti erindisbréfs þessa er frumgagn. Erindisbréfið skal opinberlega þýtt af EFTA dómstólum á þýsku, íslensku og norsku. Erindisbréfið skal birta í EES-hluta og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.”

8. gr.

1. Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1996.

2. Enskur texti ákvörðunarinnar er frumgagn. Birta skal ákvörðunina í EES-hluta og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

3. Ákvörðunin skal opinberlega þýdd af dómstólum á þýsku, íslensku og norsku.

FYRIRMÆLI DÓMSTÓLSINS**97/EES/39/05****frá 27. júní 1997****í máli E-7/96: Paul Inge Hansen gegn Eftirlitsstofnun EFTA****(Málshöfðun vegna athafnaleysis - heimild til málshöfðunar)**

Í máli E-7/96: Paul Inge Hansen gegn Eftirlitsstofnun EFTA - beiðni um fyrirmæli sem skuldbinda Eftirlitsstofnun EFTA til að taka ákvörðun um skaðabætur og „bráðabirgðaleyfi“ vegna meints brots norsku ríkisstjórnarinnar á EES-samningnum - hefur dómstóllinn skipaður: dómurunum Björn Haug, forseta, Thór Vilhjálmssyni (framsögumanni) og Carl Baudenbacher; dómritari Per Christiansen, komist að eftirfarandi niðurstöðu, dags. 27. júní 1997, og fer gildandi hluti hennar hér á eftir:

1. Beiðninni er vísað frá sem órökstuddri.
2. Hvor málsaðili skal bera eigin málskostnað.

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS**97/EES/39/06****frá 14. maí 1997****í máli E-5/96 (beiðni um ráðgefandi álit frá Borgarting Lagmannsrett):
Ullensaker kommune o.fl. gegn Nille AS⁽¹⁾****(Mál dómtekt - frjálsir vöruflutningar - leyfisfyrirkomulag)****(Jafngilt á ensku og norsku samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins)**

Í máli E-5/96: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Borgarting Lagmannsrett (héraðsrétturinn í Borgarting), Noregi, í máli fyrir þeim dómstól milli Ullensaker kommune o.fl. og Nille AS um túlkun á 11. og 13. gr. EES-samningsins hefur dómstóllinn skipaður: dómurunum Björn Haug, forseta, Thór Vilhjálmssyni (framsögumanni) og Carl Baudenbacher; dómritari Per Christiansen, kveðið upp ráðgefandi álit, dags. 14. maí 1997, og fer gildandi hluti þess hér á eftir:

Ákvæði 11. gr. EES-samningsins ber að túlka á þann hátt að það banni bæjarfélagi ekki að synja um leyfi fyrir smásölu á áteknum myndbandsspólum á þeim forsendum að slíka heimild beri eingöngu að veita verslunum sem unnt er að flokka sem sérsverslanir fyrir áteknar myndbandsspólur og/eða að fagþekkingu beri að byggja upp hjá viðurkenndum dreifiaðilum, svo fremi viðkomandi innlend regla greini hvorki að lögum eða í reynd á milli innlendra vara og vara sem eru fluttar inn frá öðrum EES-ríkjum og mismuni því ekki erlendum vörum. Komist innlendir dómstóll að niðurstöðu um að leyfisfyrirkomulagið feli í sér mismunum, að lögum eða í reynd, þá verður að telja að ekki sé hægt að beita undanþágunni í 13. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 350, 21. 11. 1996, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 21. 11. 1996, bls. 5.

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS**97/EES/39/07****frá 27. júní 1997****í máli E-6/96 (beiðni um ráðgefandi álit frá Oslo byrett): Tore Wilhelmsen
AS gegn Oslo kommune⁽¹⁾****(Sala á áfengi - ríkiseinkasölur í viðskiptum - frjálsir vöruflutningar)****(Jafngilt á ensku og norsku samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins)**

Í máli E-6/96: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Oslo byrett (borgardómnum í Ósló) í Noregi, í máli sem er fyrir dómstólnum milli Tore Wilhelmsen AS og Oslo kommune (Óslóborgar), um túlkun á 11., 13. og 16. gr. EES-samningsins, hefur dómstóllinn skipaður: dómurumum Björn Haug, forseta, Thór Vilhjálmssyni og Carl Baudenbacher (framsögumanni); dómritari Per Christiansen, kveðið upp ráðgefandi álit, dags. 27. júní 1997, og fer gildandi hluti þess hér á eftir:

1. Ríkiseinkasala á bjór sem inniheldur meira en 4,75% vínanda miðað við rúmmál samrýmist 16. gr. EES-samningsins svo fremi slíkur einkaréttur leiði hvorki að lögum né í raun til mismununar á milli innlendra vara og vara sem eru fluttar inn frá öðrum EES-löndum.
2. Synjun um leyfi til að selja bjór sem inniheldur meira en 4,75% vínanda miðað við rúmmál, með vísan til einkaréttar ríkisins á sölu áfengis getur leitt til mismununar að lögum eða í raun á milli innlendra framleiðslu og framleiðslu sem er flutt inn frá öðrum EES-löndum og samrýmist, að svo miklu leyti sem um slíkt er að ræða, ekki meginreglunum um frjálsa vöruflutninga sem kveðið er á um í 11. gr. EES-samningsins?

Afmörkun á umfangi einkaréttar ríkisins á sölu áfengis með þeim hætti að einkarétturinn taki til bjórs sem inniheldur meira en 4,75% vínanda miðað við rúmmál felur í sér mismunun og brýtur í bága við 11. og 16. gr. EES-sáttmálans. Þó er unnt að réttlæta þá ráðstöfun samkvæmt 13. gr. EES-samningsins á grundvelli almannaheilbrigðis ef mörkin sem miðast við 4,75% vínanda miðað við rúmmál voru ekki sett í því skyni að vernda innlenda framleiðslu gegn innfluttri.

Ákvæði í innlendum lögum sem tryggja sjálfkrafa heildsöluleyfi - skilyrði fyrir því að mega afgreiða bjór sem inniheldur meira en 4,75% vínanda miðað við rúmmál til ríkiseinkasölu í því landi - til handa bjórframleiðanda með staðfestu í landinu en ekki erlendum bjórframleiðanda felur í sér mismunun og brýtur gegn 11. og 16. gr. EES-samningsins og verður ekki réttlætt samkvæmt 13. gr. EES-samningsins þar sem ráðstöfunin er ekki í réttu hlutfalli við markmiðið að draga úr framboði á sterkum bjór.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 37 frá 6. 2. 1997, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6 frá 6. 2. 1997, bls. 4.

Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins lagt fram af Oslo 97/EES/39/08
byrett samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 22. apríl 1997 í máli
Fridtjof Frank Gundersen gegn Oslo kommune

(Mál E-1/97)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði bæjarþingsins í Ósló (Oslo byrett), Noregi, frá 22. apríl 1997, sem barst skrifstofu dómstólsins 19. apríl 1997, um ráðgefandi álit í máli Fridtjof Frank Gundersen gegn Óslóborg (Oslo kommune) um eftirfarandi spurningar:

1. Er um að ræða að „greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja” andstætt 16. gr. EES-samningsins ef ríkisborgara er sýnað um rétt til að selja rauðvín, hvítvín og rósavín (vín) í smásölu á þeim forsendum að eingöngu sé heimilt að selja það í smásölu í gegnum ríkiseinkasölu, undir kringumstæðum þar sem aðilum, sem hafa leyfi sveitarfélaga, er heimilt að selja bjór sem inniheldur minna en 4,75% vínanda miðað við rúmmál (miðlungssterkur bjór) utan einkasölnnar?
2. Ef fyrstu spurningu er svarað játandi getur þá stefna í áfengismálum og/eða heilbrigðissjónarmið - fyrst og fremst sú ósk að draga úr framboði og neyslu á áfengi - legið til grundvallar mismununarkjörum við sölu á víni og miðlungsterkum bjór sem um getur í fyrstu spurningu og falli þar með utan gildissviðs 16. gr. EES-samningsins?
3. a) gildir 4. gr. og/eða 11. gr. EES-samningsins um smásölu á víni?
 - b) Ef a-lið þriðju spurningar er svarað að öllu leyti eða að hluta til játandi brjóta þá mismununarkjör í sölu sem um getur í fyrstu spurningu gegn 4. og/eða 11. gr.?
 - c) Ef b-lið þriðju spurningar er svarað að öllu leyti eða að hluta til játandi getur þá stefna í áfengismálum og/eða heilbrigðissjónarmið sem um getur í annarri spurningu legið til grundvallar fyrir undanþágu eins og kveðið er á um í 13. gr. EES-samningsins?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.986 - Agfa-Gevaert/DuPont)

97/EES/39/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 9. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Agfa-Gevaert AG og Agfa-Gevaert N.V. (Agfa) sem bæði eru undir yfirráðum Bayer AG, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir grafík- og offsetprentstarfsemi sem er í höndum fyrirtækja í eignartengslum við fyrirtækið E.I. DuPont de Nemours & Company (DuPont) með kaupum á eignum og/eða hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Agfa: ljósmyndavörur, tæknileg myndkerfi, grafísk kerfi og framleiðsla á grafískum filmum og offsetprentuðum plötum,
 - DuPont: kemísk efni, verkfræðistarfsemi, grafísk kerfi og framleiðsla á grafískum filmum og offsetprentuðum plötum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 278, 13. 9. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.986 - Agfa-Gevaert/DuPont, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.990 - Hagemeyer/ABB Asea Skandia)****97/EES/39/10**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 9. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Hagemeyer N.V. (Hagemeyer), undir yfirráðum First Pacific Company Limitd (First Pacific), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð í ASK Holding, sem annast heildsölu með rafmagnsvörur í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum, sem nú er stjórnað af fyrirtækjum í eignatengslum við fyrirtækið ABB Asea Brown Boveri AB (ABB) með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Hagemeyer: alþjóðleg markaðssetning, sala og dreifing á almennum og sérhæfðum vörum, dreifing á rafmagnsvörum, vélknúnum og tæknilegum vörum sem og sérréttum,
 - ASK Holdings: heildsala með rafmagnsvörur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 278, 13. 9. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.990 - Hagemeyer/ABB Asea Skandia, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Ríkisaðstoð
Þýskaland****97/EES/39/11**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð, samkvæmt 88. gr. sáttmála KSE og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3626/93/KSE frá 28. desember 1993 um reglur bandalagsins um ríkisaðstoð til kola- og stáliðnaðarins, sem varðar þýsku námufyrirtækin Sophia Jacoba GmbH og Preussag Anthrazit GmbH (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 258 frá 23. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate General for Competition (DG XVII/B.1)
TERV 02/19
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 27/97
Ítalía

97/EES/39/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna skattalækkana sem kveðið er á um í ítölskum lögum nr. 549/95 - beiting gagnvart vélknúnum ökutækjum, skipasmíðum og gerviefnaiðnaðinum og fyrirtækjum sem falla undir sáttmála KSE (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 268 frá 4. 9. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 61/96
Ítalía

97/EES/39/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð, sbr. 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar ítalskra stjórnvalda til fiskiðnaðarins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 269 frá 5. 9. 1997).

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans **97/EES/39/14**
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt frönsku aðstoðaráætlunina „Eureka EU 797 - Elegie” til að hanna rafknúð tilraunaökutæki sem einkum er ætlað til innanbæjaraksturs og til að hagnýta tæknilega hugmynd með því að velja tækni sem hægt er að nýta á árangursríkan hátt til skamms tíma, ríkisaðstoð nr. N 138/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til að auka fjárfestingar, ríkisaðstoð nr. NN 35/E/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingum á svæðisbundinni aðstoðaráætlun sem Spánn lagði fram til að stuðla að auknum fjárfestingum í grunnvirkjum fyrir gasveitu í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 150/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun til að bjarga og endurskipuleggja lítíl og meðalstór fyrirtæki í Kantabríu, ríkisaðstoð nr. N 409/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu og breytingu á þýskri áætlun um svæðisbundna aðstoð til að styrkja atvinnulíf í fylkinu Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. N 734/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á þýskri áætlun til stuðnings verkefnum sem tengjast meðhöndlun á sorpi og fjárfestingu í umhverfisvænni framleiðslu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 134/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna svæðauppbyggingar í Andalúsíu, þar með talið rafmagnsveitu á landbyggðinni, þróun endurnýjanlegra orkulinda og orkusparnað, ríkisaðstoð nr. N 151/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalskar aðstoðarráðstafanir vegna uppbyggingar svæða í Toscana sem falla undir markmið 2, ríkisaðstoð nr. N 649/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð sem hefur að markmiði að bæta upp tekjutap vegna tímabundinnar stöðvunar fiskveiða í landhelgi Marokkós, ríkisaðstoð nr. N 244/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sænska rekstraraðstoð til útgerðarféлага í formi fullrar endurgreiðslu eða endurgreiðslu að hluta til á greiddum sköttum og almannatryggingum fyrir sjómenn, ríkisaðstoð nr. NN 63/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska aðstoðaráætlun til að stuðla að auknum fjárfestingum í nýlega iðnvæddum löndum, ríkisaðstoð nr. N 1051/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til uppbyggingar á svæðum í Umbríu sem falla undir markmið 2, ríkisaðstoð nr. N 51/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til fiskveiðisamvinnufélagsins Maasholm, ríkisaðstoð nr. N 291/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 231 frá 30. 7. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Breska konungsríkið lagði til vegna myndunar hlutafjárstöðsins Highlands Equity Fund fyrir lítil fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. N 835/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgísku aðstoðaráætlunina AIDE fyrir svæðauppbyggingu í Valloníu (Hainaut), ríkisaðstoð nr. N 139/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt frönsku aðstoðaráætlunina FRED (Fonds pour les Restructurations de la Défense) sem tekur til aðstoðar til atvinnumála á svæðum sem verið er að endurskipuleggja, ríkisaðstoð nr. N 175/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að endurskipuleggja málmíðnaðarfyrirtækið Growa Stahlbau Berlin GmbH, ríkisaðstoð nr. NN 14/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (sem er hluti af frumkvæðisáætlun bandalagsins fyrir LMF), ríkisaðstoð nr. N 194/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun til að stuðla að fjárfestingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðaþjónustu í Baskahéraði, ríkisaðstoð nr. N 152/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til fyrirtækisins Addinol Mineralölwerke GmbH í Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 225/97 og NN 70/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til uppbyggingar á svæðum í Lombardí sem falla undir markmið 2, ríkisaðstoð nr. N 925/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoð til styrktar söluátaki með fisk, ríkisaðstoð nr. NN 60/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til uppbyggingar á svæðum í Veneto sem falla undir markmið 2, ríkisaðstoð nr. N 650/96 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til uppbyggingar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í héraðinu Basilíkata, ríkisaðstoð nr. N 477/96 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 242 frá 8. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til styrktar atvinnumálum í héraðinu Molise, ríkisaðstoð nr. N 735/96 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 242 frá 8. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á þýskri aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í kjölfar nýrrar skilgreiningar bandalagsins á LMF, ríkisaðstoð nr. N 155/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 242 frá 8. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á ýmsum ítölskum áætlunum um aðstoð tengdri svæðapróun, ríkisaðstoð nr. N 27/A/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 242 frá 8. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að auka sölu á austurþýskum vörum erlendis, ríkisaðstoð nr. N 223/97 (ex N 960/95) (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 242 frá 8. 8. 1997).

